

- a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 10. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

15. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

## Fylgiskjal II.

### **Samþykkt nr. 146 um árlegt orlof farmanna.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 62. þingsetu sinnar í Genf hinn 13. október 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunar,

hefur samþykkt ákveðnar tillögur um breytingar á Samþykkt nr. 91 frá 1949 um orlof með launum fyrir farmenn í ljósi Samþykktar nr. 132 frá 1970 um árlegt orlof með launum en ekki nauðsynlega með hennar takmörkunum, en þetta er 2. mál á dagskrá þingsins, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag hinn 29. október 1976 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um árlegt orlof farmanna, 1976:

1. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal veitt gildi með lögum eða reglugerðum, að svo miklu leyti sem það er ekki gert með heildarsamningum, úrskurðum gerðardóms, dómum, lögboðinni skipan ákvörðunar launa eða með öðrum þeim hætti, sem samrýmist venju í landinu, eftir því sem við á.

2. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra manna, er starfa sem farmenn.
2. Í þessari samþykkt táknað orðið „farmaður“ mann, sem vinnur einhver störf um borð í hafskipi, sem skráð er í landi, sem þessi samþykkt tekur til, öðru en
  - a. herskipi;
  - b. skipi sem stundar fiskveiðar eða starfsemi í beinum tengslum við þær, hvalveiðar eða hliðstæða starfsemi.
3. Að höfðu samráði við félagssamtök hlutaðeigandi útgerðarmanna og farmanna, þar sem þau eru til, skal með lögum eða reglugerðum ákvarða hvaða skip skuli teljast hafskip í merkingu þessarar samþykktar.
4. Að höfðu samráði við félagssamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru til, getur sérhvert aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, fært út gildissvið hennar, með þeim takmörkunum, sem nauðsynlegar eru vegna ástands í atvinnugreininni, þannig að hún taki til manna, sem ekki falla undir skilgreiningu á farmönnum í 2. tölulið b. þessar greinar, eða tiltekinna hópa þeirra.
5. Hvert það aðildarríki, sem færir út gildissvið þessarar samþykktar í samræmi við 4. tölulið þessarar greinar um leið og það fullgildir samþykktina, skal með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjalinu tilgreina þá starfshópa, sem útfærslan tekur til og þær takmarkanir, er kunna að reynast nauðsynlegar.

6. Hvert það aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur einnig síðar með yfirlýsingu tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að það færi út gildisvið samþykktarinnar til starfshópa til viðbótar þeim, sem það kann að hafa tilkynnt við fullgildingu.
7. Að höfðu samráði við samtök hlutaðeigandi útgerðarmanna og farmanna, þar sem þau eru til, getur hlutaðeigandi stjórnvald, eða annar aðili, eftir því sem við á í landinu, undanskilið framkvæmd þessarar samþykktar takmarkaða hópa farmanna eftir því sem nauðsyn krefur.
8. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd hennar samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, tilgreina þá flokka farmanna, sem kunna að hafa verið undanskildir í samræmi við 3. og 7. tölulið þessarar greinar og greina ástæður þess. Í síðari skýrslum skal gera grein fyrir lögum og venju varðandi þá hópa, sem undanskildir voru og að hve miklu leyti ákvæði samþykktarinnar taka til eða áformað er að láta taka til þessara hópa.

## 3. gr.

1. Sérhver farmaður, sem samþykkt þessi tekur til, skal eiga rétt á árlegu orlofi með kaupum í tiltekinn lágmarkstíma.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt skal í yfirlýsingu er fylgi fullgildingarskjali þess, tiltaka lengd hins árlega orlofs.
3. Orlofið skal aldrei vera skemmra en 30 mánaðardagar fyrir eins árs starf.
4. Hvert það aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt getur síðar með nýrri yfirlýsingu tilkynnt framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar að það ákveði að árlegt orlof skuli vera lengra, en ákveðið var við fullgildingu.

## 4. gr.

1. Nú er starfstími farmanns á tilteknu ári skemmri en þarf til fullra réttinda samkvæmt undanfarandi grein og skal hann þá vegna þess árs eiga rétt á orlofi með kaupum í hlutfalli við starfstíma sinn á því ári.
2. Orðið „ár“ merkir í þessari samþykkt almanaksár eða annað jafnlangt tímabil.

## 5. gr.

1. Aðferðin við að reikna lengd starfstíma í sambandi við rétt til orlofs skal ákveðin af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða með viðeigandi hætti í hverju landi fyrir sig.
2. Með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða með viðeigandi hætti í hverju landi fyrir sig, skal reikna starfstíma utan samningstíma með í starfstímanum.
3. Með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða með viðeigandi hætti í hverju landi fyrir sig skal reikna með í starfstímanum fjarvistir frá vinnu vegna þátttöku í viðurkenndri starfsþjálfun farmanna eða vegna orsaka, sem farmaðurinn ræður ekki við svo sem slysa, veikinda eða barnsburðar.

## 6. gr.

- Eftirtalið skal ekki talið hluti af lágmarksorlofi með kaupum, sem kveðið er á um í 3. tölulið
3. greinar þessarar samþykktar:
    - a. Almennir og venjubundnir frídagar, sem viðurkenndir eru sem slíkir í skráningarlandinu, hvort sem þeir eru á orlofstímanum eða utan hans.
    - b. Tímabil sem starfsmaður er ekki vinnufær vegna veikinda, slysa eða barnsburðar, með þeim skilyrðum, sem ákveðin séu af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða með viðeigandi hætti í hverju landi.

- c. Tímabundið landgönguleyfi, sem veitt er farmanni, sem er bundinn af skiprúmssamningi.
- d. Hvers konar frítími, sem veittur er fyrir unnin störf með skilyrðum, sem ákveðin séu af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða með viðeigandi hætti í hverju landi.

## 7. gr.

1. Hver sá farmaður sem tekur orlof í samræmi við þessa samþykkt skal allan orlofstímann fá a. m. k. sitt venjulega kaup þar með talið jafnvirði þess hluta kaupsins, sem greiddur er í öðru en peningum, og reiknast það á þann hátt, sem ákveðinn er af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða með viðeigandi hætti í hverju landi.
2. Fjárhæðir þær, sem greiða ber samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skulu greiddar hlutaðeigandi farmanni áður en orlofið hefst nema annað sé ákveðið í lögum reglugerðum eða í samningum, sem gilda fyrir hann og atvinnurekandann.
3. Nú lætur farmaður af starfi eða er sagt upp af vinnuveitanda sínum áður en hann hefur tekið orlof, sem hann á rétt á, og skal hann þá fyrir það orlof fá þá greiðslu, sem kveðið er á um í 1. tölulið þessarar greinar.

## 8. gr.

1. Leyfa má að skipta orlofi eða sameina orlof eins árs síðara orlofi. Slíkt leyfi er veitt af hlutaðeigandi stjórnvaldi eða með öðrum viðeigandi hætti í hverju landi.
2. Árlegt orlof með kaupum, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, skal vera samfellt, ef annað leiðir ekki af 1. tölulið þessarar greinar og/eða ákvæði í samningi, sem gildir fyrir atvinnurekandann og hlutaðeigandi farmann.

## 9. gr.

Með ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalds eða með öðrum hætti, sem við á í hverju landi fyrir sig, má í sérstökum tilvikum ákveða að í stað árlegs orlofs samkvæmt þessari samþykkt komi fjárgreiðsla er eigi sé lægri en sú greiðsla, sem kveðið er á um í 7. grein.

## 10. gr.

1. Að höfðu samráði við hlutaðeigandi farmann og svo sem unnt er með samþykki hans eða fulltrúa hans ákveður atvinnurekandinn hvenær orlof skuli tekið ef ekki er kveðið á um það í reglugerð, heildarsamningi, gerðardómi eða með öðrum hætti samkvæmt venju í landinu.
2. Ekki skal þess krafist af neinum farmanni, án hans samþykkis, að hann taki orlof sitt annars staðar en annað hvort þar sem hann var ráðinn eða skráður á skip og þá á þeim staðnum, sem nær er heimili hans, nema samkvæmt ákvæðum í heildarsamningi, lögum eða reglugerðum.
3. Ef farmaður verður að hefja orlof sitt á öðrum stað en þeim, sem kveðið er á um í 2. tölulið þessarar greinar skal hann eiga rétt á ókeypis flutningi til þess staðar þar sem hann var ráðinn eða skráður og þá til þess staðarins, sem nær er heimili hans. Fæði og annan beinan kostnað við ferð hans þangað greiðir atvinnurekandinn og tíminn sem í hana fer skal ekki dragast frá orlofi farmannsins.

## 11. gr.

Sérhver samningur um afsal réttarins til lágmarksorlofs með kaupum samkvæmt 3. tölulið 3. greinar eða um eftirgjöf slíks orlofs skal vera ógildur nema í þeim sérstöku tilvikum sem um ræðir í 9. grein.

## 12. gr.

Farmann, sem er í orlofi, má einungis kalla aftur til starfa í sérlega brýnni nauðsyn og þá með hæfilegum fyrirvara.

## 13. gr.

Með viðeigandi eftirliti eða á annan hátt í samræmi við framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar skulu gerðar virkar ráðstafanir til þess að tryggja rétta framkvæmd reglugerða eða ákvæða um árlegt orlof með kaupi.

## 14. gr.

Þessi samþykkt breytir Samþykktinni um orlof farmanna (endurskoðuð), 1949.

## 15. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

## 16. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þessi hefur verið skráð.

## 17. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

## 18. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgilinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

## 19. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnuáskrifstofunnar skal semda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfara greina.

## 20. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

## 21. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
  - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 17. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
  - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

## 22. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

**Fylgiskjal III.****Samþykkt nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuámalastofnunarinnar, er kom saman til 62. þingsetu sinnar í Genf hinn 13. október 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuámalaskrifstofunnar minnst ákvæða í Tillögu nr. 107 frá 1958 um ráðningu farmanna á skip, sem skráð eru erlendis og Tillögu nr. 108 frá 1958 um félagslegar aðstæður og öryggi farmanna hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um skip, sem ekki uppfylla gerðar kröfur, einkum þau skip, sem skráð eru undir hagkvæmisfána, sem er 5. mál á dagskrá þingsins, og þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag hinn 29. október 1976 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum 1976:

## 1. gr.

1. Ef ekki er annað ákveðið í þessari grein, tekur þessi samþykkt til allra hafskipa bæði í einkaeign og hins opinbera, sem annast flutninga á farmi eða farþegum í atvinnuskyni eða einhverja aðra arðbæra starfsemi.
2. Með lögum eða reglugerðum skal kveða á um það, hvenær skip skuli talin hafskip í merkingu þessarar samþykktar.
3. Þessi samþykkt tekur til dráttarbáta á sjó.
4. Þessi samþykkt tekur ekki til:
  - a. skipa, sem aðallega eru knúin seglum, hvort sem þau hafa hjálparvél eða ekki;
  - b. skipa, sem stunda fiskveiðar, hvalveiðar eða hliðstæða starfsemi;
  - c. smáskipa og farkosta svo sem borþalla þegar þeir eru ekki á ferð.  
Ákvörðun um það, hvaða skipt falli undir þennan tölulið tekur hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi í samráði við aðalsamtök útgerðarmanna og farmanna.
5. Ekkert í þessari samþykkt skal talið auka gildissvið samþykktanna, sem nefndar eru í viðauka þessarar samþykktar eða ákvæða, sem í þeim felast.